

AÐALFUNDUR FORELDRAFÉLAGS HOFSSTAÐASKÓLA SKÓLAÁRIÐ 2008-2009

Fundurinn verður haldinn í Hofsstaðaskóla kl. 20,
19. maí 2009, í tónlistarstofu skólans á neðri hæð.

Verkefni aðalfundar skv. lögum foreldrafélagsins :

- Kosning fundarstjóra og fundarritara
- Skýrsla stjórnar
- Skýrslur nefnda
- Lagabreytingar
- Reikningar lagðir fram til samþykktar
- Kosning fulltrúa í foreldrafélag
- Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga
- Skýrsla foreldraráðs
- Kosning fulltrúa í foreldraráð
- Önnur mál

Foreldrafélag Hofsstaðaskóla

Eftirfarandi tillögur um lagabreytingar hafa borist til aðalfundar:

Breyting á 1. grein.

Eftirfarandi texti kemur í stað núverandi texta:

Félagið er foreldrafélag Hofsstaðaskóla og starfar foreldrafélagið samkvæmt 9. gr. grunnskólalaga. Félagar teljast allir forráðamenn nemenda skólans.

Breyting á 2. grein.

Við 2. grein bætist:

Vera bakland fyrir fulltrúa foreldra í skólaráði.

Breyting á 4. grein.

Eftirfarandi texti kemur í stað núverandi texta:

Stjórn félagsins skipa sex foreldrar/forráðamenn. Stjórn skal kjörin til tveggja ára í senn, þrjár stjórnarmenn annað hvert ár. Stjórnin skiptir með sér verkum. Auk formanns skal stjórnin skipuð varaformanni, ritara, gjaldkera, fulltrúa foreldrafélagsins í skólaráði og einum meðstjórnanda. Aldrei skulu fleiri en þrjár ganga úr stjórn í einu.

Breyting á 6. grein.

Eftirfarandi breyting er gerð á tveimur dagskrárliðum í upptalningu á verkefnum aðalfundar:

- Í stað “Skýrsla foreldraráðs” er lagt til að komi - *Skýrsla fulltrúa í skólaráði.*
- Í stað “Kosning fulltrúa í foreldraráð” er lagt til að komi – *Kosning fulltrúa í skólaráð.*

Breyting á 9. grein.

Við 9. grein bætist:

Málefnum sem ekki verða leyst innan skólans skal vísað til skólaskrifstofu Garðabæjar.